



Lagt fyrir 423. fund velferðarráðs 2. mars 2022
VEL22020038
RÁ/kg

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Verkefni velferðarsviðs í tengslum við aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024*

Forsaga:

Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024 var samþykkt í ofbeldisvarnarnefnd 17. janúar 2022 og fundargerð nefndarinnar lögð fyrir fund borgarráðs 27. janúar 2022. Aðgerðaráætlunin var síðan samþykkt samhljóða í borgarstjórn 1. febrúar 2022.

Greinargerð:

Aðgerðaráætlunin, sem unnin er af ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar, er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Henni er einnig ætlað að vera vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi og tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru verði framkvæmd. Í aðgerðaráætluninni eru lagðar fram 54 aðgerðir sem margar hverjar eru nú þegar komnar í framkvæmd. Á ábyrgð velferðarsviðs eru alls 10 aðgerðir auk annarra 10 sem velferðarsvið ber ábyrgð á með öðrum. Í aðgerðaráætlunni kemur fram að áætlunin er ekki tæmandi enda ýmis verkefni sem sett eru á laggirnar með litlum fyrirvara til að bregðast við ákveðnum aðstæðum og einnig er erfitt að afla upplýsinga um öll verkefni sem í gangi eru.

Af þeim 10 aðgerðum sem velferðarsvið ber ábyrgð á eru þrjú ný verkefni:

1. Greina hvernig má mæta brotapolá í tengslum við húsnæðismál
2. Teymi um þjónustu við aldraða
3. Þróa úrræði fyrir fólk sem vill komast úr vændi

Nú þegar er hafin vinna við að koma á fót lausnarteymi um þjónustu við aldraða sem m.a. á að sinna málum sem tengjast heimilisofbeldi. Ekki er hafin formleg vinna við hin tvö verkefnin.

Fylgiskjal:

Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024
Yfirlit yfir aðgerðir á ábyrgð velferðarsviðs